

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 19. maí 2026

Mál nr. S-73/2025:

Lögrelustjórinn á Norðurlandi vestra

(Sólveig Ingadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

(Páll Ágúst Ólafsson lögmaður, réttargæslumaður brotaþola)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað með ákæru lögrelustjóra, dags. 14. ágúst 2025, á hendur X, [...], til heimilis að[...]. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 21. apríl 2026.
- Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærða fyrir eftirtalin hegningarlaga-, umferðarlaga- og barnaverndarlagabrot framin aðfaranótt sunnudagsins 2. júní 2024:

I.

Fyrir [...], líkamsárás og barnaverndarlagabrot, með því að hafa, í heimildarleysi, ruðst inn á heimili fyrrverandi unnustu sinnar, Y, [...], að [...], neitað að yfirgefa heimilið þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli Y þess efnis, og fyrir að hafa í umrætt sinn veist að Y, tekið hana hálstaki ítrekað, þvingað hana til hliðar og einnig þrýst á hana með framhandleggnum á brjóstkassann og haldið með báðum höndum fast um háls hennar þannig að hún náði ekki andanum. Framangreint aðhafðist ákærði þrátt fyrir að 11 ára dóttir brotaþola Y, A, væri stödd á heimilinu. Afleiðingar árásarinnar fyrir brotaþola Y voru þær að hún hlaut sár á hægri kinn, sár og mar hægra megin á hálsi og mar á framanverðum hálsi vinstra megin, mar og þreifiefymsli á aftanverðri vinstri öxl, mar og rifbeinsbrot á hægri síðu, mar og þreifiefymsli medíalt á hönd, skrámusár yfir PIP liðum fingra II og III, mar neðan við þumalfingur, mar og bólgu ofan við olnboga og skrámusár og mar á framanverðum upphandlegg, mar á framhandlegg hægra megin, tognun á thenar vöðvum handar og mar við basis innan vert á þumalfingri, mar medíalt á hönd neðan

við litla fingur, skrámusár neðan við úlnlið og mar á upphandlegg vinstra megin, mar á sköflung, roða í hnésbót vinstri fótur auk tognunareinkenna á hálsi og báðum öxlum sem og hægri olnboga og hægri úlnlið. Þá var framangreind háttsemi ákærða til þess fallin að valda brotþola Y hræðslu, kvíða og ótta um líf, heilsu og velferð sína og dóttur sinnar, auk þess sem ákærði sýndi brotþola A, með ofangreindri háttsemi sinni yfirgang og ruddalegt athæfi.

Telst framangreint varða við [...] 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

II.

[...]

III.

Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa, í aðdraganda að, og að afstöðnum atvikum sem lýst er í ákæruliðum I og II að framan, óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega vegna áhrifa áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 2,2‰), ekið bifreiðinni [...], sem þá var án skráningarnúmera, um [...].

Telst framangreint varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 49. gr., sbr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

3. Í ákærinni var jafnframt lýst einkaréttarkröfu brotþola. Fyrir aðalmeðferð málsins upplýsti réttargæslumaður brotþola að brotþolin Y hefði ákveðið að falla frá bótakröfum í málinu vegna sín og ólöggráða dóttur sinnar, A. Jafnframt kom fram að haldið væri til streitu kröfu um þóknun vegna starfa réttargæslumannsins.
4. Við aðalmeðferð málsins kom saksóknari á framfæri þeirri leiðréttingu að brotþolin A hefði ekki verið 11 ára þegar atvik málsins áttu sér stað, eins og greinir í ákæru, heldur 14 ára. Jafnframt var upplýst að í ljósi breyttrar afstöðu brotþola til ákærinnar væri með vísan til 4. mgr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fallið frá þeim hluta ákæruliðar nr. I sem varðaði húsbrot, sbr. 231. gr. laganna. Einnig væri með vísan til 4. mgr. 252. gr. sömu laga fallið frá ákærulið nr. II sem varðaði eignaspjöll á heimili brotþola umrædda nótt, sbr. 1. mgr. sömu lagagreinar.

5. Ákærði neitar sök. Af hans hálfu er þess aðallega krafist að því sem eftir stendur af ákær-
unni verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af kröfum ákæruvaldsins og til þrauta-
vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði að öllu leyti skilorðsbundin,
verði ákærði dæmdur til fangelsisrefsingar. Enn fremur er þess krafist að málsvarnarlaun
verjanda ákærða verði greidd úr ríkissjóði, auk útlagðs kostnaðar verjandans.

Helstu málsatvik

Lögregluskýrslur

Frumskýrsla lögreglu

6. Í lögregluskýrslu, dags. 6. júní 2024, kemur fram að tilkynning hafi borist kl. 4:22
umræddan morgun um að Neyðarlínu hafi borist símtal þar sem talað hafi verið um konu
sem væri að rífast við karlmann og biðja hann um að fara út. Í símtalinu hafi heyrst að
maðurinn hafi brotið baðherbergishurð yfir hana. Nokkrum mínútum síðar hafi borist
tilkynning þess efnis að móðir Y, B, væri komin heim til Y. Samkvæmt tilkynningunni
væri ákærði kominn út og hefði í hyggju að taka númerslausa [...] -bifreið. Í símtalinu
hafi rúða heyrst brotna og B hafi sagt ákærða hafa brotið rúðuna í forstofunni. Jafnframt
hafi hún sagt að ákærði hefði brotið sér leið inn í umrædda bifreið og ekið á brott mjög
ölvaður, trúlega á leið heim til sín.
7. Um kl. 4:40 hafi ákærði sjálfur hringt í Neyðarlínu og tilkynnt að kærasta hans hefði
ráðist á hann og ógnað með hníf. Ákærði hafi sagst vera með áverka á hendi eftir árásina
og óskað eftir að fá sjúkralið heim til sín. Lögregla hafi ákveðið að forgangsraða málum
þannig að byrjað yrði á að tryggja vettvang og greiða götu sjúkraliðs heim til ákærða.
Þegar komið hafi verið á vettvang hafi lögregla hitt frænku ákærða sem hafði komið
honum til aðstoðar. Hún hafi vísað lögreglu á hann inni á baði þar sem hann hafi haldið
hægri hendi sinni yfir vaskinum, en sjá hafi mátt mikið blóð dropa úr sárum hans. Frænka
hans hafi sagt að tvö börn væru sofandi inni í íbúðinni. Hún hafi boðist til að vera hjá
þeim meðan ákærði færi á [...] til að láta gera að sárum sínum.
8. Í sömu lögregluskýrslu er greint frá samtali lögreglu við ákærða. Þar er haft eftir ákærða
að hann hafi, aðspurður um hvað hafi gerst, sagt að hann og brotapolinn Y hafi verið á
balli. Hann hafi verið edrú þegar hann hafi mætt þangað en byrjað að drekka á ballinu.
Hún hafi svo horfið en hann ekkert spáð í það. Hann hafi farið heim til sín og reynt að
hringja í hana en hún ekki svarað. Hann hafi þá farið heim til hennar. Hann hafi
viðurkennt að hafa farið á númerslausum bíl en ítrekað að bifreiðin væri tryggð. Y hafi

ekki svarað og hann því farið inn til hennar. Síðan er haft eftir honum: „það var náttúrulega allt ég, allt ég“, þannig að þá hafi hann bara „urlast“, eins og hann hafi orðað það.

9. Ákærði hafi sagst hafa brotið upp hurðina á baðherberginu þegar hún hafi verið þar inni. Hún hafi þá tekið upp hníf og hann hafi hvatt hana til að „klára þetta bara“, en ákærði hafi verið langt niðri og sagt að það væri það besta sem gæti komið fyrir að hann „færi bara“. Hún hafi lamið hann með hnífnum og stungið hann í höndina. Síðan hafi B, móðir hennar, komið „urlað“ og talið þetta vera honum að kenna. Hann hafi sagt við hana að koma með lyklana að svörtum bíl sem hann ætti. Hún hafi grýtt þeim út og hann ekki getað tínt þá saman, þannig að hann hafi farið aftur heim á númerslausa Benzinum. Hann hafi hringt í vinkonu sína sem hafi hvatt hann til að hringja á lögreglu en hann hafi verið tregur til að gera eitthvert mál úr þessu. Haft er eftir ákærða að D, dóttir Y, hafi verið að passa börn þegar hann hafi verið á ballinu en hann sagt að hún hefði verið farin burt af heimilinu þegar hann kom.
10. Fram kemur að þegar lögreglu hafi borið að garði á [...] hafi mátt sjá glerbrot utan við útidyrhurðina og að ytra gler rúðu við útidyrhurðina hafi verið brotið. Sjá hafi mátt að átök höfðu átt sér stað innandyra en hurðin inn á baðherbergi hafi verið brotin og illa farin. Eldhúshnífur hafi legið á gólfinu fyrir framan dyrnar að baðherberginu og skaftið virst hafa dottið af honum en það hafi legið þar í tveimur pörtum. Ekkert blóð eða blóðkám hafi mátt sjá á hnífnum né á öðrum stöðum í íbúðinni.
11. Í skýrslunni segir að brotapolinn Y hafi verið í miklu uppnámi og grátbólgin. Haft er eftir henni að umrædda nótt hafi hún séð ákærða koma akandi á númerslausu bifreiðinni inn götuna þar sem hún bjó. Hann hafi síðan bankað en hún ekki komið til dyra, heldur hringt í móður sína og læst sig inni á baðherbergi. Hún hafi þá heyrt í honum vera kominn inn í íbúðina til að leita að henni, en hann hafi farið inn um opinn glugga á þvottahúsinu. Hún hafi setið á klósettinu til að spyrna á móti og aftra því að ákærði gæti brotið sér leið inn, en hann hafi hamast þannig á hurðinni að skrúfurnar hafi byrjað að detta, hurðin losnað og brotapolí fengið hurðina yfir sig. Aðspurð um hvert hefði verið erindi ákærða við hana kvað brotapolí hann hafa ætlað að tala við hana eftir að hún fór heim af balli. Aðspurð um áverka sem ákærði hefði verið með á hendinni sagði hún að hann hefði pottþétt fengið þá þegar hann hafi kýlt í gegnum rúðuna. Hann hafi ýtt henni, fleygt henni út um allt og tekið hana hálstaki nokkrum sinnum. Hún sagðist vera aum aftan í hálsinum og niður í axlir.

12. Í skýrslunni segir að ákærði hafi verið fenginn til að blása í áfengismæli kl. 5:16 og þá hafi mælst 1,69%. Ákærði hafi verið handtekinn kl. 6:35, eftir að gert var að sárum hans. Áður en skýrsla var tekin af honum hafi hann aftur blásið í áfengismæli og magn vínanda þá mælst 1,21%. Tekin hafi verið blóðsýni úr honum kl. 7:39 og 8:39.

Skýrsla ákærða, 2. júní 2024

13. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu að morgni 2. júní 2024. Þar kvaðst hann ekki hafa farið inn í íbúðina án leyfis, heldur hefði brotþoli hleypt honum inn. Komið hafi til ágreinings milli þeirra og hún hlaupið inn í baðherbergi. Hann hafi komið á eftir og reynt að opna hurðina, sem hafi verið léleg, en hún brotnað. Síðar hafi hún hlaupið inn í eldhús og náð sér í hníf. Síðan hafi hún stungið hann og lamið hann ítrekað með hnífnum og skorið hann í litla fingur. Ákærði hafi tekið í hana í sjálfsvörn og annaðhvort tekið utan um bringu hennar eða háls, en hann geti ekki sagt til um hvort það hafi verið. Síðan hafi móðir brotþolans Y komið og hringt í Neyðarlínuna, en ákærði hafi hvatt hana til þess. Ákærði hafi síðan farið heim.
14. Aðspurður kvað ákærði brotþola hafa otað hnífnum að honum og hann sagt henni að klára þetta bara. Brotþoli hafi ekki stungið ákærða með hnífnum en hún hafi slegið hann með honum og náð að skera skurð á fingur hans. Ákærði hafi þá verið búinn að fara á sjúkrahús og láta sauma sárið á fingrinum. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa brotið rúðu við útidyrnar. Þá kvaðst ákærði aðspurður ekki hafa veist að brotþola að fyrri bragði með hótunum eða ofbeldi.
15. Aðspurður kvaðst ákærði hafa tekið utan um háls brotþola í sjálfsvörn, því hún hafi verið með hnífinn. Hann kvaðst ekki geta lýst því hvernig hann hefði tekið utan um háls hennar eða hvernig hann hafi ýtt á bringu eða háls hennar.
16. Aðspurður kvaðst ákærði fyrst hafa gengið heim til sín umrædda nótt en ekki ekið bifreið sinni þangað, heldur hefði einhver annar gert það. Aftur á móti sagði hann síðan að hann hefði sjálfur ekið bifreiðinni. Síðar við sömu skýrslutöku kvaðst ákærði hafa ekið burt frá heimili brotþola. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna hann hefði ekið í burtu, hann hefði ekkert hugsað út í það en hann hefði ekki átt að gera það.

Skýrsla ákærða, 4. júní 2024

17. Ákærði gaf aðra skýrslu hjá lögreglu 4. sama mánaðar. Þar kom fram að brotþoli hefði hleypt honum inn á heimilið eftir að hann bankaði. Baðherbergishurðin hefði brotnað þegar hann tróð hendinni á milli til að reyna að komast inn til hennar. Ákærði kvað

brotapólann Y hafa orðið reiða vegna þess að hann hefði komið og einnig vegna þess að hann hefði verið ölvaður. Ágreiningur hafi hafist milli þeirra og hún farið inn í baðherbergi og sest á gólfið fyrir hurðinni. Hann hafi troðið hendinni á milli til að reyna að komast inn til hennar og hurðin brotnað við það.

18. Eftir þetta hafi brotapolí farið fram í eldhús og sótt hníf og hann sagt henni að „klára þetta bara“. Hún hafi þá slegið hann í andlitið. Hann hafi ýtt á brjóst hennar og ýtt henni frá sér. Hann hafi tekið um háls hennar frammi í forstofu, þegar hún hafi verið búin að ráðast á hann, en hann sé ekki viss um hvort hann hafi sett framhandlegginn á hálsinn á henni. Ákærði kvaðst halda að hann hefði sett framhandlegginn á brjóstakassa hennar en lófann um háls hennar. Ákærði kvaðst ekki hafa lamið á brjóst hennar og ekki tekið um háls hennar að aftan. Hann kvað áverka á baki brotapóla geta hafa komið til þegar hann hafi brotið hurðina inn á baðherbergi. Ákærði kvað brotapolann Y og móður hennar hafa ýtt honum út eftir að það hafi verið margbúið að biðja hann um að fara út en hann ekki gert það. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa veist að brotapóla með ofbeldi en hann hafi ýtt henni frá sér í tvígang.
19. Aðspurður kvaðst ákærði hafa átt tvær bifreiðar sem þarna hafi verið en kveikjulaslyklar hafi verið inni í húsinu og hann beðið brotapóla að koma með lyklana að fjölskyldubílnum. Hún hafi hent lyklunum út, hann komið aftur og hnífurinn þá farið í fingurinn á honum. Móðir brotapóla hafi ekki séð þetta en hún hafi séð þegar verið var að þrýsta brotapóla upp að vegg. Ákærði hafi farið fljótlega eftir það. Hann hafi ætlað að fara á svörtum bíl en síðan farið á [...] af gerðinni [...]. Hann hafi ekið í burt frá húsi brotapóla en þá ekki verið í ástandi til að aka bifreið. Aðspurður sagðist ákærði ekki hafa notað áfengi eftir að hann fór heim til sín.

Skýrsla brotapolans Y, 7. júní 2024

20. Brotapolinn Y gaf skýrslu hjá lögreglu 7. júní 2024. Í skýrsluna er bókað að brotapolí hafi komið á lögreglustöðina til að kæra heimilisofbeldi, alvarlega líkamsárás, húsbrot, eignaspjöll o.fl., sem átt hafi sér stað 2. sama mánaðar. Við skýrslutökuna sagði brotapolí að ákærði væri fyrrverandi unnusti hennar. Þau hefðu byrjað saman 2021/2022. Þau hefðu verið kærustupar en byggju ekki saman.
21. Brotapolí bar um að hún og ákærði hefðu ákveðið að fara saman á ball umrætt kvöld, fyrst í partí og síðan á ballið. Þau hefðu ekki verið í neinum samskiptum á ballinu en síðan hafi vinkona hennar ætlað að skutla henni aðeins heim. Þó hafi farið svo að ákærði

hafi skutlað henni heim og vinkona hennar komið með. Þau hafi síðan farið aftur á ballið og ekki átt í samskiptum þar. Hún hafi svo farið aftur heim á tímabilinu 2:20–2:30, farið upp í rúm og læst að sér.

22. Brotapoli hafi síðar séð ákærða koma akandi á númerslausri, [...] -bifreið að heimili hennar. Hún hafi hringt í móður sína og sagt henni frá því. Hún hafi lokað sig inni í baðherbergi en ákærði byrjað að banka á dyrnar og hefði líka hringt þrisvar í hana en hún ekki svarað. Hann hafi bankað mjög fast á dyrnar en svo hefði orðið hljótt og hún síðan heyrt að hann væri kominn inn í húsið. Hún hafi setið fyrir innan dyrnar á baðherberginu og spyrnt sér að hurðinni en ákærði hafi strax komið að þeim dyrum. Hún hafi beðið hann um að hætta þessu og stuttu síðar hafi hann brotið baðherbergishurðina yfir hana. Hún hafi staðið upp og farið fram en hann veist að henni, ýtt á hana og verið mjög ógnandi í framkomu. Hún hafi ítrekað sagt honum að fara út úr húsinu.
23. Brotapoli greindi frá því að ákærði hefði farið að spyrja hana hvers vegna hún hefði farið án þess að láta sig vita og einnig að hann hefði króað hana af við eldhúsið og hellt sér yfir hana. Hún hafi hopað og gripið í hníf sem var í eldhúsinu. Líklega hafi það verið í sjálfsvörn. Þau hafi verið að orðhöggvast, hún að spyrja hann hvort hann ætlaði ekki að drepa hana, hvort það hefði ekki verið planið, og hann að segja við hana að klára þetta bara. Hún hafi beðið hann að fara út úr húsinu en hann viljað ræða málin, sem hún hafi ekki viljað. Brotapoli hafi slegið ákærða með hnífnum. Blaðið hafi staðið upp frá hendinni og hún slegið hann með hliðinni (flatt) á blaðinu. Ákærði hafi tekið hana hálstaki inni í holinu við baðherbergið og síðan í forstofunni. Ákærði hafi tekið í hálsinn á henni og kastað henni að veggnum í forstofunni, þannig að spegill hafi dottið á gólfíð og hún fengið högg á hnakkann. Hún hafi náð að kasta ákærða frá sér og hann þá dottið á lukt sem þar var.
24. Við skýrslutökuna var brotapoli beðin um að lýsa því hvernig hálstakið hefði verið. Hún sagði ákærða hafa tekið með höndunum um hálsinn á henni, þvingað hana til hliðar og einnig þrýst á hana með framhandleggnum á brjóstakassann. Í annað skiptið hafi hann haldið með báðum höndum fast um háls hennar að framan, þannig að hún hafi ekki náð andanum.
25. Móðir brotapolala hafi síðan komið. Hún hafi stigið inn í þvottahúsið og þær náð að koma ákærða út en hann stigið aftur inn. Brotapoli hafi kastað bíllyklum hans út úr húsinu. Ákærði hafi farið að bílnum, barið í rúðuna á honum og komið aftur að húsinu. Síðan

hafi brotápoli séð ákærða berja í rúðuna við hurðina og brjóta hana. Brotápoli hafi sagt að hún og móðir hennar hafi séð hann brjóta rúðuna.

26. Brotápoli kvaðst ekki vita hvers vegna ákærði hafi komið til hennar um nóttina. Hún hafi sagt dóttur sína hafa vaknað þegar brotápoli hafi komið heim og heyrt allt sem fram fór.
27. Brotápoli sagði ákærða hafa verið mjög ölvaðan og í mjög vondu skapi. Hún hafi sagt hann hafa komið inn um þvottahúsglugga og farið þar inn í húsið. Hún hafi skilið gluggann eftir með járn ofan á pinna en þegar ákærði hafi verið farinn hafi hún séð að járneiði hafi hangið út um gluggann, einhver hafi verið búinn að losa járneiðið. Hún hafi ekki hleypt ákærða inn í húsið.
28. Brotápoli kvaðst hafa farið inn í baðherbergið vegna ótta við ákærða. Eins hafi hún tekið hnífinn vegna þess hve hrædd hún hafi verið við ákærða. Hann hafi ráðist á hana árið áður og meitt hana mjög mikið.
29. Aðspurð kvaðst brotápoli hafa haldið á hnífnum eins og hún væri að smyrja brauð, þ.e. blaðið hafi staðið upp úr hendinni milli þumalfinger og vísifinger. Hún hafi lamið ákærða með flötu hnífsblaðinu. Hún hafi séð smááverka á neðri vör ákærða. Brotápoli kvaðst hafa kastað hnífnum í burtu og þá hefði hann brotnað.
30. Aðspurð um hvort brotápoli hafi tekið upp hnífinn vegna þess að hún óttaðist um líf sitt og velferð sagði hún það hafa verið þannig. Hún hafi ekki beitt hnífnum öðruvísi en með því að slá ákærða með honum. Hún hafi ekki stungið hann, ekki einu sinni þegar hann hafi haldið henni með hálstaki upp við vegginn. Stuttu síðar hafi hún kastað hnífnum frá sér. Hún hafi haft ástæðu til að óttast ákærða að fenginni reynslu.
31. Brotápoli kvaðst ekki hafa séð áverka á ákærða þegar móðir hennar hefði komið og ekki fyrir en eftir að hann hefði skemmt rúðuna. Ákærði hafi brotið eitthvað af hlutum og húsið verið í rúst. Brotápoli og móðir hennar hafi komið ákærða út. Ákærði hafi lamið í bílstjórahurðina á bifreiðinni, öskrað eitthvað og farið að rúðunni og kýlt í hana. Brotápoli kvaðst hafa séð þetta vel. Hún hafi einnig séð hann aka bifreiðinni í burtu.
32. Brotápoli lýsti hálstakinu á þann hátt að önnur hönd ákærða hafi farið á háls hennar og hin undir hökuna. Kjálka hennar hafi verið þrýst til hliðar og framhandleggur ákærða farið í brjóstakassa brotápoli. Brotápoli hafi verið með verki frá hnakka, öxlum og niður, í báðum höndum, undir brjósti hægra megin, vinstra megin á síðunni og framan á hálsinum. Einnig hafi hún verið með tak um allan brjóstakassann.

33. Brotapoli kvað dagana eftir atvikið hafa verið mjög erfiða. Hún væri mjög viðkvæm, allt læst, gluggar lokaðir og hún óttaðist mannaferðir. Hún hafi einnig átt erfitt með að sofa, en hún hafi mætt ákærða nokkru áður. Hún hafi leitað sér aðstoðar vegna þessa.
34. Brotapoli kvaðst hafa óttast að ákærði ynni dóttur hennar mein umrædda nótt en hann hafi ekki látið það trufla sig að hún væri heima. Þá greindi brotapolinn frá því að dætur hennar upplifðu ekki öryggi, væru hræddar við mannaferðir.
35. Aðspurð kvað brotapolinn ákærða einnig hafa tekið hana hálstaki árið áður. Brotapolinn hafi verið veik fyrir í hálsi en hún hafi verið með krabbamein í hálsi og ákærði vitað af því. Hún hafi farið í aðgerð á hálsinum í október 2016 og aðra í desember sama ár.
36. Við skýrslutökuna gerði brotapolinn kröfu um að ákærða yrði refsað eins og lög leyfi.

Skýrsla brotapolans A, 26. febrúar 2025

37. Brotapolinn A gaf skýrslu hjá lögreglu 26. febrúar 2025. Hún kvaðst hafa vaknað umrædda nótt við það að mamma hennar (brotapolinn Y) hafi verið að tala við einhvern inni á baði. Hún hafi þó sofnað inn á milli. Næst þegar hún hafi vaknað hafi ákærði verið kominn inn og hún hafi heyrt móður sína segja honum endurtekið að fara út. Einhverju seinna hafi hún heyrt eins og járn dytti í gólfið. Jafnframt hafi hún heyrt að amma hennar hafi komið. Þá hafi hún heyrt einhverja dynki og síðan hafi hurðinni verið skellt fast. Hún hafi verið vakandi þegar lögreglan kom stuttu síðar og þá sjálf verið inni í stofu. Hún hafi ekki séð ákærða á þessum tíma.

Skýrsla B, 5. júní 2024

38. B, móðir brotapolans Y, gaf skýrslu hjá lögreglu 5. júní 2024. Þar greindi hún frá því að brotapolinn hefði hringt í hana umrædda nótt og sagt henni frá því að ákærði væri á leiðinni heim til hennar. Vitnið hafi þá strax farið að heimili brotapola, sem hafi verið skammt frá hennar heimili. Ákærði hafi þá verið á heimilinu en vitnið sagt honum að fara út. Hann hafi farið út en síðan komið aftur að forstofunni, kýlt með hægri hendi í gler í hurðinni og brotið það, áður en hann ók í burtu. Vitnið hafi séð að baðherbergishurðin væri brotin, lukt og blóm í forstofu á gólfinu en hefðu átt að hanga uppi. Aðspurð sagðist vitnið ekki hafa séð brotapola beina hníf að ákærða en hnífurinn hafi legið á gólfinu þegar hún kom og skaftið vantað á hann.

Símtöl við Neyðarlínu

39. Í samantekt og uppskriftum af símtölum til Neyðarlínunnar kemur fram að 2. júní 2024 hafi brotapolinn Y hringt þangað. Í símtalinu hafi hún ítrekað heyrst segja við ákærða að

hann eigi að fara út af heimili hennar, hann sé búinn að brjóta hurð og að dóttir hennar sé sofandi þarna inni. Fram kemur að mátt hafi heyra hana biðja ákærða um lykla að bílnum hans. Hann hafi ítrekað að hann vildi fá bíllyklana en hún sagti við hann að hann væri blindfullur og ætti ekki að vera að keyra. Síðan ítreki hún við hann að fara út. Svo heyrir eins og það séu einhver átök og hún ítreki við hann að drulla sér út. Þá heyrir eins og einhverjir hlutir detti um koll og hún ítreki enn við hann að drulla sér út. Þá heyrir eins og hann sé ítrekað að biðja hana um að stinga sig og hún spyrji hvort hann vilji ekki bara kála henni en hann neiti því. Einhverjir hlutir detti um koll og hann saki hana um að gera sig „fokking geðveikan“. Síðan heyrir orðaskil óljóst en svo biðji hann um lyklana að bílnum sínum. Þá heyrir eins og hlutir detti um koll og hún ítreki enn við hann að drulla sér út en önnur orðaskil séu óljós. Þá heyrir mikill hávaði þegar hlutir detti um koll, hún ítreki við hann að drulla sér út, segi honum að horfa inn í íbúðina en hann segi þá við hana að þetta sé vegna þess að hún geti ekki talað við hann. Hún segi hátt við hann að fara út, hann vilji tala við hana en hún vilji það ekki. Þetta sé ítrekað nokkrum sinnum og hún vilji hann út. Síðar segi hann henni að taka hníf og einhverjir skellir heyrir.

40. Jafnframt er greint frá símtali B, móður brotapolans Y, til Neyðarlínunnar umrædda nótt. Hún segi í símtalinu að hún sé að hringja út af ákærða, það þurfi að ná honum núna. Þarna sé um að ræða heimilisofbeldi, aftur. Fram kemur að B hafi sagst vera á staðnum og að ákærði væri þar drukkinn á númerslausum bíl. Hann hefði brotist inn til Y, brotið upp baðherbergishurð og lamið Y. Hann væri að fara á númerslausum bíl en kæmi aftur að húsinu. Þá hafi heyrst brothljóð og B sagti að hann hefði brotið rúðuna við forstofuhurð. Ákærði hafi verið að aka í burtu á númerslausum [...]. B hafi sagst búa [...]. Ákærði hafi ekið í burtu, blindfullur á númerslausum bíl. Fram kemur að B hafi ítrekað við lögreglu að það vantaði aðstoð núna og að dóttir hennar væri einnig í áfalli og þyrfti aðstoð strax. Heyra hafi mátt í Y grátandi í bakgrunni. B hafi greint frá því að dóttir Y væri í húsinu, inni í herbergi. Fram kemur að Y hafi heyrst segja í bakgrunni að ákærði væri kominn heim til sín þar sem hann hafi krafist þess að vera með staðsetningu á Snapchat og því gæti hún séð hvar hann væri. Heyra hafi mátt B hughreysta Y og hún hafi sagst að allt væri í rúst eftir ákærða. Þá kemur fram að B hafi sagst að Y hafi tekið eldhúshníf til að verja sig. Skaftið væri núna brotið af honum.
41. Enn fremur er í samantektinni greint frá samtali ákærða við Neyðarlínuna umrædda nótt. Haft er eftir honum að kærastan hans hafi ráðist á hann með hníf, það fossblæddi úr

hendinni á honum og hann væri marinn í andliti. Fram kemur að hann hafi sagst vera undir áhrifum áfengis. Hann hafi ætlað að tala við hana en hún ekki viljað það. Hún hafi farið í brjálæðiskast, mamma hennar komið og hann sagst ætla heim til sín. Ákærði hafi sagst ekki þurfa að láta kíkja á höndina á sér, þetta væri bara litli putti. Kærasta hans hafi tekið upp hníf vegna þess að hann hafi viljað ræða hlutina við hana. Þá hafi hún sagt honum að drulla sér út af hennar heimili en hann ekki gert það. Hann hafi viljað tala við hana en hún ekki viljað það og þá beitt hann hníf. Hún hafi lamið hann með hnífnum en ekki stungið hann. Heyra hafi mátt konu í bakgrunni segja að það þyrfti að stöðva blæðinguna, það fossblæddi úr hendinni á honum. Hann hafi sagst ekki vilja sjúkrabíl en konan í bakgrunninum hafi viljað það. Að lokum hafi hann samþykkt að fá sjúkrabíl að heimili sínu.

Rannsókn á blóðsýni úr ákærða

42. Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands er gerð grein fyrir niðurstöðum greiningar á blóðsýnum úr ákærða. Í blóðsýni sem tekið var kl. 7:42 hafi styrkur etanóls mælst 1,47‰ og 1,28‰ í því sem var tekið kl. 8:35. Dregin er sú ályktun að etanólstyrkur í blóði hans hafi verið um 2,2‰ um kl. 4:30 umræddan morgun.

Gögn um áverka brotþola

43. Í áverkavottorði læknis, dags. 16. september 2024, er því lýst að brotþolinn Y hafi gengist undir læknisskoðun 2. júní 2024. Hún hafi þá sagst hafa orðið fyrir áverkum af höndum manns á heimili sínu, eftir að hún kom heim, eða upp úr kl. 3 um nóttina. Hún hafi sagst m.a. hafa læst sig inni í herbergi og spyrnt bakinu upp að lokaðri hurð sem maðurinn hafi svo brotið upp og hún þar með fengið högg á bakið. Hún segi manninn síðan hafa kastað henni um og fengið frá honum ýmsa áverka sem hún geti ekki talið alla upp. Hún segi hann m.a. hafa tekið hana hálstaki, gripið með höndum um hálsinn á henni. Við skoðun virðist mest trufla hana verkir frá hálsi, helst framanverðum hálsi en einnig á hliðum hálsins.
44. Hún hafi þá greint frá verkjum frá hálsi, helst framanverðum hálsi en einnig á hliðum hálsins. Við skoðun hafi sést vægt skrámusár á hægri kinn. Á hægri hlið hálsins hafi sést létt skrámusár og mar og einnig virðist byrjandi mar á framanverðum hálsi vinstra megin. Dreifð eymsli séu á svæðinu við þreifingu. Á aftanverðri vinstri öxl sé að sjá byrjandi mar og þar séu þreifeymsli til staðar. Eymsli séu á hægri síðu við þreifingu, sérstaklega yfir einu rifbeini. Fyrir ofan umrætt rifbein megi sjá roða á húðinni, mögulega byrjandi mar. Á hægri handlim séu mar og þreifeymsli og lítil skrámusár séu yfir „PIP liðum

fingra II og II“. Lítið mar sé þar neðan við þumalfingur og mar og bólga ofan við hægri olnboga. Skrámusár og byrjandi mar sé á framanverðum hægri upphandlegg. Á vinstri handlim sé tognun á „thenar vöðvum“ vinstri handar og sjáanlega mar við „basis“ á þumalfingri innanvert. Þá sé mar „medialt“ á hendi, neðan við litla fingur, og lítið skrámusár neðan við úlnlið. Mar sé á upphandlegg. Á hægri ganglim sé mar á sköflungi, roði á húð í hnésbót og mar á hægri kálfa. Á vinstri ganglim sé bólga og mar á ristinni, marblettur „lateral“ á kálfa og roði í hnésbót. Á höfði séu þreifiefymsli hægra megin á hnakka.

45. Jafnframt er í vottorðinu lýst skoðunum á brotaþola 5., 7., 8. og 26. júní 2024. Áverkum er nánar lýst í tengslum við þær skoðanir.
46. Í læknisvottorði, dags. 11. desember 2024, kemur fram að brotaþoli hafi orðið fyrir líkamsárás 2. júní 2024, heimilisofbeldi. Hún hafi fengið mikið högg aftan á hnakka og brjóstbak og brjóstkassa. Hún hafi setið við baðherbergishurð sem hafi verið sparkað upp og brotnað yfir hana. Hún hafi verið tekin hálstaki og á eftir verið kastað upp að vegg og aftur tekin hálstaki. Hún hafi átt erfitt með að kyngja í eina og hálfu viku á eftir og verið bólgin og stíf hægra megin framan á hálsi og líka aftan á, sem framkalli stingandi verk ef hún styðji þar á þar sem „sternocleido“-vöðvi sé greinilega þykkari. Lýst er því álitni læknisins að brotaþoli hafi við árásina hlotið „posttraumatískan“ höfuðverk, tognunar-einkenni á hálsi og brjóstkassa og báðum öxlum ásamt hægri olnboga og hægri úlnlið. Hún hafi ennþá einkenni frá þessum áverkum, sem á þessum tímapunkti sé ekki hægt að segja til um hvort verði varanleg.

Gögn um áverka ákærða

47. Einnig liggur fyrir vottorð, dags. 16. september 2024, sem varðar ákærða. Þar kemur fram að ákærði hafi 2. júní sama ár komið með sjúkrabíl. Í tengslum við það er haft eftir ákærða í vottorðinu að kærasta hans hafi ráðist á hann með hníf. Hann segi hana hafa kýlt hann í andlitið oft og náð að skera hann í fingur hægri handar. Við skoðun á andliti megi sjá lítið skrámusár og létt mar á „temoral svæði“ hægra megin og einnig á efri vör, hægra megin. Lýst er léttu mari og bólgu vinstra megin á nefi og töluverðum þreifiefymslum þar. Þá séu skrámusár og létt mar á hálsi, vinstra megin. Á hægri hendi séu mörg og dreifð sár, mest „medialt“ á hendinni, á litla fingri og þar fyrir neðan. Einn V-laga skurður sé á litla fingri við „PIP lið“. Skurðurinn hafi verið saumaður. Annar beinni skurður sé „medialt“ á hendinni, neðan við litla fingur. Búið hafi verið um þessi sár.

48. Í vottorði heila- og taugalæknis, dags. 11. desember 2024, kemur fram að brotapolinn Y hafi orðið fyrir líkamsárás 2. júní 2024, heimilisofbeldi. Lýst er áverkum sem komið hafi fram við skoðun 25. júní 2024 og við rannsóknir 2. desember sama ár. Lýst er þeirri niðurstöðu að brotapolni hafi hlotið pósttrámatískan höfuðverk, tognunareinkenni á hálsi og brjóstkassa og báðum öxlum, ásamt hægri olnboga og hægri úlnlið. Hún glími enn við þessi einkenni og á þessum tímamarki sé ekki hægt að segja til um hvort þau verði varanleg.

Skýrslur fyrir dómnum

49. Fyrir dómnum voru gefnar þær skýrslur sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Ráðgert var að brotapolarnir Y og A gæfu einnig skýrslur. Skömmu fyrir aðalmeðferð málsins óskaði réttargæslumaður þeirra eftir því, með vísan til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, að dómurinn leysti umrædda brotþola undan vitnaskyldu. Jafnframt kom fram að brotapolarnir myndu ella neita að tjá sig um málið, sbr. 2. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 117. gr. laganna. Dómari féllst við aðalmeðferð málsins á að leysa þær undan vitnaskyldu, sbr. 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008.

Skýrsla ákærða

50. Í skýrslu sinni fyrir dómnum sagði ákærði að hann og brotapolinn Y hefðu verið kærustupar en ekki búið saman. Hann kvaðst ekki geta svarað til um það hvers vegna lögregla hefði verið kölluð til í umrætt sinn. Aðspurður um áverka Y kvað hann skýringu á þeim líklega vera þá að hann hefði verið að verja sig því hún hefði ráðist á hann með hníf. Hann kvaðst aldrei hafa tekið hana hálstaki heldur hafi hann varist henni með því að ýta henni frá sér. Hann kvað hafa komið til líkamlegra átaka milli þeirra, sem hefðu byrjað með því að þau rifust eitthvað. Aðspurður um hver hefði átt upptökin að átökunum kvað hann það hafa verið þau bæði en þau hafi verið æst. Hún hafi farið og náð í hníf en hann varið sig með því að ýta henni frá sér.

51. Aðspurður um hverjir hafi verið á staðnum kvað ákærði það bara hafa verið hann og Y en brotapolinn A hafi verið sofandi inni í herbergi. Aðspurður um hvernig hann hafi komið að heimili þeirra kvaðst hann hafa komið á bíl. Hann hafi síðan farið heim til sín á sömu bifreið. Aðspurður um hvort hann hefði verið búinn að neyta áfengis þegar hann settist undir stýri kvað hann svo ekki vera. Hann hafi aftur á móti neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Skýrsla B

52. B, móðir brotapolans Y, bar um að ákærði og Y hefðu verið bestu vinir í gegnum tíðina og um tíma kærustupar. Hún lýsti atvikum umrætt kvöld á þann veg að hún hefði verið á sama balli og ákærði og spurt hann í gríni hvort hann vildi skutla henni heim, en hún búi nánast í næsta húsi. Hann hafi sagst vilja bíða þangað til lögreglan væri farin, sem hafi vakið athygli hennar því hún hafi talið að ákærði væri hættur að drekka. Svo hafi hún farið heim til sín. Síðan hafi hún hringt í Y og sagt henni hvað ákærði hefði sagt. Eftir smástund hafi Y svo hringt í hana og sagt að ákærði væri kominn heim til hennar. Beygur hafi verið í Y og hún sagst hafa læst dyrunum heima hjá sér.
53. B kvaðst síðan hafa farið heim til Y og opnað dyrnar með lykli. Þá hafi ákærði verið þar inni og baðherbergishurðin brotin. B hafi sagt honum að „drulla sér út“ en hann verið með einhvern skæting. Hann hafi viljað fá bíllykil sem hún hafi verið með. Hún hafi tekið lykilinn og hent honum út, þannig að hann hafi þurft að fara út ef hann vildi sækja hann. Hann hafi farið og sótt lykilinn og hún lokað dyrunum á eftir honum, til þess að hann kæmi ekki aftur inn. Fokið hafi í hann og hann labbað til baka. Hann hafi sparkað í dekkið á bílnum og síðan komið hlaupandi að útidyrunum. Hún hafi hringt í 112. Ákærði hafi komið að rúðu við útidyrahurðina, kýlt í hana og brotið hana. Svo hafi hann keyrt í burtu á númerslausum bíl.
54. Aðspurð um hvenær það hafi verið sem vitnið kom á vettvang kvað hún ballið hafa verið búið kl. 3 og kvaðst telja að það hafi verið klukkutíma, eða einum og hálfum tíma, síðar sem hún hafi komið á heimili Y. Hún hafi þá séð að baðherbergishurðin væri brotin og séð ákærða og Y þar fyrir utan. Þau hafi verið í átökum þegar hún kom inn en átökin hætt um leið og hún kom inn. Auk þeirra kvað hún A hafa verið stadda á heimilinu en hún hafi verið inni í svefnherbergi og dyrnar þangað inn lokaðar.
55. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa séð áverka á ákærða og ekki muna til þess að hafa séð áverka á Y. Hún hafi þó verið í uppnámi, eins og við sé að búast eftir slagsmál.

Skýrsla lögreglumanns nr. D

56. Lögreglumaður nr. D lýsti því að útkall hefði borist og samkvæmt því sem fram hafi komið hjá fjarskiptamiðstöð lögreglu hefðu verið mikil læti. Talað hafi verið um tvo aðila og að meintur gerandi væri farinn af heimilinu en brotþoli væri á sínu heimili. Rætt hafi verið við ákærða á heimili hans og síðan brotþola. Á heimili hennar hafi sést að mikið hefði gengið á í íbúðinni. Einnig hafi móðir brotþola verið þar stödd og dóttir brotþola inni í herbergi.

57. Sjá hafi mátt að búið hafi verið að brjóta og bramla hurð á baðherbergi. Hnífur sem skaftið hafi brotnað af hafi legið á gólfi. Þá hafi verið búið að brjóta ytra gler rúðu. Brotaþolinn Y hafi verið í miklu andlegu og tilfinningalegu uppnámi. Nánar aðspurður um hnífinn kvað hann þetta hafa verið svartan eldhúshníf. Ekki hafi verið sjáanlegt blóð eða annað á honum en skaftið hafi verið dottið af. Aðspurt um áverka á aðilum kvað vitnið hönd ákærða hafa verið blóðuga. Mikið hafi blætt úr sárum hans, eins og hann hafi skorið sig. Vitnið kvað ekki hafa verið teknar myndir af áverkum hans og hnífinn ekki hafa verið haldlagðan.

Skýrsla lögreglumanns nr. F

58. Lögreglumaður nr. F kvaðst hafa verið á bakvakt þegar útkall hafi borist. Við komu heim til ákærða hafi hann verið skorinn og skrámaður á hendi, alblóðugur á hendinni. Um hafi verið að ræða fleiri en eitt opið sár. Þá hafi allur vaskurinn verið ataður blóði. Sjúkraflutningamenn hafi komið á heimili ákærða um svipað leyti og lögregla.

59. Þaðan hafi verið farið á heimili Y. Vitnið lýsti aðstæðum á heimili Y á þann veg að gler í rúðu vinstra megin við útihurð hafi verið brotið og baðherbergishurð einnig brotin. Fram kom að vitnið hefði séð hníf á vettvangi en það mundi ekki hvar. Hnífurinn hafi ekki verið haldlagður.

60. Þaðan hafi verið farið á [...] en ákærði hafi þá verið kominn á heilsugæslu þar. Þar hafi ákærði verið handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Skýrsla lögreglumanns nr. G

61. Lögreglumaður nr. G bar um að farið hafi verið í útkall á heimili ákærða. Frænka ákærða hafi tekið á móti lögreglu en ákærði verið staddur inni á baðherbergi. Hann hafi verið með skurð á fingri. Skurðurinn hafi ekki sést vel því höndin hafi verið mjög blóðug. Síðan hafi ákærði verið fluttur brott með sjúkrabíl.

62. Þaðan hafi verið farið á heimili Y. Þar hafi sést vel að rúða við hlið útidyra væri brotin. Y hafi verið mjög stressuð og hrædd en vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á henni.

Skýrsla lögreglumanns nr. H

63. Lögreglumaður nr. H bar um að hafa farið á heimili Y í umrætt sinn. Þar hafi verið brotin rúða við útidyr og glerbrot verið úti um allt. Sömuleiðis hafi baðherbergishurð inni í íbúðinni verið brotin. Mikil ringulreið og örvænting hafi ríkt þar. Móðir Y hafi verið þar stödd og talað um að ákærði hefði brotist þar inn. Jafnframt hafi dóttir Y verið þar stödd, í sófa frammi.

64. Vitnið bar um að hnífur hefði legið á gólfinu, blaðið sér og handfangið sér. Hnífurinn hafi ekki verið blóðugur. Vitnið kvaðst ekki vita hvað hefði orðið um hnífinn.
65. Aðspurður um áverka á aðilum bar vitnið um að Y hefði sagt ákærða hafa tekið hana hálstaki og bent á roða á hálsi, sem vitnið hafi tekið mynd af.

Skýrsla lögreglumanns nr. I

66. Lögreglamaður nr. I bar um að hann hefði verið beðinn um að koma að málinu sem rannsakandi. Hann hafi tekið skýrslu af ákærða um morguninn og svo af brotapolum. Aðspurður um hvernig ákærði hefði verið í skýrslutökunni kvað vitnið ákærða hafa verið ósáttur við að hafa verið handtekinn því hann hafi litið á sig sem fórnarlamb í málinu.
67. Vitnið kvað ákærða hafa játað í skýrslutökunni að hafa ekið undir áhrifum áfengis og haft á orði að hann hefði ekki átt að gera það. Ákærði hafi sagst ekki hafa neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Skýrsla J

68. J, sviðsstjóri á Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, gerði grein fyrir niðurstöðum rannsókna á blóðsýni úr ákærða. Vitnið kvað vera gengið út frá því að ákærði hafi ekki drukkið áfengi eftir að akstri lauk, þannig að hann hafi lítið eða ekkert drukkið milli kl. 3:30 og 4:30 umrædda nótt. Hún kvað niðurstöðurnar samrýmast því að hann hafi ekki drukkið áfengi eftir umrætt tímamark. Aðspurð kvað hún að það hefði breytt niðurstöðunni ef ákærði hefði drukkið mikið allt þar til kl. 4:30.

Skýrsla K læknis

69. K læknir staðfesti læknisvottorð sem fyrir liggja í málinu og varða ákærða og brotþola. Hann kvaðst hafa skoðað hvorugt þeirra og því ekki séð áverka þeirra með eigin augum, heldur hefði hann eingöngu unnið vottorðið út frá fyrirliggjandi gögnum.

Skýrsla L læknis

70. L læknir staðfesti vottorð sem hann ritaði og liggja fyrir í málinu. Hann kvaðst hafa skoðað aðila og muna eftir að hafa séð áverka á hálsi og andliti Y. Þá hafi hún verið með greinilegt byrjandi skrámusár á hægri kinn. Vægur roði hafi verið framan á hálsi hennar, sem læknirinn hafi ímyndað sér að væri byrjandi mar.
71. Vitnið kvað áverka Y vel geta samrýmst frásögn hennar af atvikum málsins. Hún hafi lýst því við lækninn að ákærði hefði gripið um háls hennar. Hún hafi verið með dreifð

eymsli, m.a. á hálsi. Þá hafi hún talað um ónot við að kyngja, þó að hún gæti kyngt. Það geti samræmst lýsingu hennar á atvikum.

72. Vitnið greindi einnig frá skoðun á ákærða. Hann hafi verið með skurð á litla fingri, sem hafi gapað og þurft að sauma. Aðspurður um frásögn ákærða af því hvað hefði gerst sagði vitnið ákærða hafa sagt að Y hefði kýlt hann og náð að skera hann í finger. Aðspurður um hvort áverkinn geti samræmst lýsingu ákærða á atvikum kvað lækningarnir hann geta gert það en um hafi verið að ræða skurðsár sem erfitt sé að segja til um hvernig hafi komið til.

Skýrsla M læknis

73. M, heila- og taugalæknir, bar um það að Y hafi komið til hennar um þremur vikum eftir þau atvik sem um ræðir í málinu. Hún hafi að sögn orðið fyrir líkamsárás og fengið mikið högg aftan á hnakka, brjóstbak og brjóstkassa. Hún hafi verið bólgin við vöðva sem liggja á ská framan á hálsinum, hreyfiskert í hálsliðum og aum í olnboga og úlnlið.
74. Aðspurð um hvort umræddir áverkar samrýmdust þeirri lýsingu sem brotapolí hefði gefið á atburðarásinni kvað lækningarnir áverkana vel geta passað við þá lýsingu en einnig geta hafa komið til með öðrum hætti.

Helstu röksemdir ákærvaldsins

75. Af hálfu ákærvaldsins er vísað til verknaðarlýsingar í ákæru varðandi þau ákæruefni sem ekki hefur verið fallið frá. Sókn sakar vegna þeirra ákæruefna sem eftir standa sé á forræði ákærvaldsins. Brot í nánnum samböndum séu þess eðlis að það geti verið þung skref fyrir brotþola að leggja fram kæru og fylgja málum eftir. Fyrir liggja næg sönnun, sem hafin sé yfir skynsamlegan vafa, um að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem þar er lýst.
76. Hvað varðar ætluð brot ákærða vísar ákærvaldið til frumskýrslu lögreglu, upplýsinga um samtöl við Neyðarlínu og skýrslna sem gefnar voru hjá lögreglu og fyrir dómnum. Einnig vísar ákærvaldið, hvað varðar brot í nánu sambandi, til læknisvottorða um áverka brotþola sem samrýmist frásögn brotþola. Hvað varðar ölvunarakstur er vísað til fyrirbyggjandi gagna um rannsókn á blóðsýnum úr ákærða og skýrslu þar að lútandi fyrir dómnum. Með umræddri sönnunarfærslu hafi verið sýnt fram á sekt ákærða.
77. Ákærvaldið vísar til þess að framburður ákærða sé ótrúverðugur, m.a. í ljósi misræmis milli framburðar hans hjá lögreglu og fyrir dómi. Framburðir brotþola hjá lögreglu séu

aftur á móti mjög trúverðugir. Ætla verði að ákærði hafi hlotið áverka á hendi þegar hann hafi brotið rúðu við útidyr á húsi brotaþola, en ekki vegna þess að brotaþoli hafi stungið hann með hníf, enda hafi ekkert blóð sést á hnífnum sem lögregla hafi séð á vettvangi.

78. Hvað varðar brot gegn barnaverndarlögum vísar ákærvaldið til þess að ákærði hafi með umræddri háttsemi sýnt brotaþolanum A yfirgang og ruddalegt athæfi í skilningi 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
79. Hvað ölvunarakstur varðar vísar ákærvaldið til þess að vitni hafi séð ákærða aka ölvaðan og hann hafi einnig gengist við því hjá lögreglu að hafa ekið undir áhrifum áfengis.

Helstu röksemdir ákærða

Röksemdir er varða kröfu um frávísun málsins

80. Til stuðnings kröfu um frávísun málsins er af hálfu ákærða vísað til þess að þingmálið sé íslenska en hluti ákæru sé á latínu. Með því sé ákærða gert örðugt um vik að átta sig á því hvað það sé nákvæmlega sem hann sé ákærður fyrir, sem gangi gegn réttindum hans sem sakaðs manns.
81. Eftir að ákærvaldið hafi afturkallað hluta ákæru standi eftir ákæruefni er varði brot í nánu sambandi, brot á barnaverndarlögum og ölvunarakstur. Ákærvaldið hafi haldið því fram að barnið A hafi verið viðstödd þau atvik sem um ræðir, sem ekki sé rétt. Sú rangfærsla eigi að varða frávísun málsins.

Röksemdir er varða kröfu um sýknu

Brot í nánu sambandi

82. Hvað varðar meint brot ákærða í nánu sambandi, í skilningi 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, er því mótmælt að fyrir liggir að samband ákærða og brotaþola hafi verið náíð í skilningi lagagreinarinnar. Ákærði og brotaþoli hafi ekki verið í sambúð þó að þau hafi verið kærustupar og þau hafi ekki átt börn saman.
83. Þá sé ekki uppfyllt það skilyrði refsínæmis samkvæmt umræddri lagagrein að um hafi verið að ræða endurtekna eða alvarlega ógn ákærða við brotaþola. Í þeim efnum er vísað til framburðar ákærða fyrir dómnum, þar sem hann hafi lýst atvikum þannig að um hafi verið að ræða rifrildi sem hafi farið úr böndunum og verið bæði honum og brotaþola að kenna. Samkvæmt framburði hans hafi stimpingar þeirra komist á annað stig eftir að brotaþoli hafi sótt hníf og veist að ákærða með honum.

84. Á vettvangi hafi fundist hnífur í umrætt sinn og ákærði hafi verið með skurðsár á hendi. Fyrir dómnum hafi læknir staðfest að áverki ákærða geti samrýmst því að hann hafi verið skorinn með hníf. Lögregla hafi ekki lagt hald á hnífinn þótt hann hafi fundist á vettvangi og ákærði þá verið með það alvarlegan skurðáverka að þörf hafi verið á að flytja hann á heilbrigðisstofnun til aðhlynningar. Brotapoli hafi ekki verið með viðlíka sýnilega áverka, þótt hún hafi verið með rispur og roða á hálsi.
85. Ekki séu aðrir til frásagnar um átök ákærða og brotapolans Y en þau tvö. Mat á því hvort sakfella beri ákærða velti því fyrst og fremst á mati á trúverðugleika framburða þeirra. Ákærvaldið verði að bera hallann af því að brotapolinn Y hafi ekki komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Ekki nægi að vísa til framburðar hennar hjá lögreglu, enda verði sönnunarfærsla fyrir dómnum að vera milliliðalaus. Þá liggi ekki fyrir dómnum orðrétt endurrit af framburðum brotapola hjá lögreglu heldur einungis samantektir.

Brot á barnaverndarlögum

86. Byggt er á því að sannað sé að brotapolinn A hafi verið inni í herbergi sínu allan þann tíma sem ákærði og brotapolinn Y voru að rífast. Það sé sannað með framburðum B, móður brotapolans Y, og lögreglumanna.
87. Ákærði hafi borið um að hann hafi ekki haft vitneskju um að barnið væri á heimilinu. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að hann hafi ekki framið brot gegn barnaverndarlögum, af ásetningi eða gáleysi. Til að svo væri þyrfti honum að hafa verið ljóst að barnið væri inni á heimilinu. Þá hafi barnið ekki komið fyrir dóminn til skýrslugjafar og ákærvaldið verði að bera hallann af því.

Ölvunarakstur

88. Hvað varðar meintan ölvunarakstur er af hálfu ákærða vísað til þess að hann hafi ekki verið staðinn að akstri. Hann hafi staðfest að hafa komið akandi á bifreið á heimili brotapolans en þá verið ódrukkinn. Ákærvaldið hafi ekki sýnt fram á hið gagnstæða. Ákærði hafi verið kominn heim til sín um kl. 4:30 umrædda nótt og hafi þá drukkið áfengi. Fram hafi komið að niðurstaða matsgerðar um ætlað áfengismagn í blóði hans við aksturinn hefði orðið önnur ef gengið hefði verið út frá því að hann hefði drukkið áfengi eftir kl. 4:30.

Forsendur og niðurstöður

Úrlausn um formhlið málsins

89. Ákærði krefst þess að málinu verði vísað frá dómi og vísar í því sambandi til þess að ákæran sé að hluta til á latínu. Þá hafi ákærvaldið ranglega byggt á því að barnið sem um ræðir hafi verið viðstatt þegar atvik málsins áttu sér stað, sem ekki sé rétt.
90. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er þingmálið íslenska. Í 3. mgr. sömu lagagreinar segir að skjali á erlendu tungumáli skuli að jafnaði fylgja þýðing á íslensku að því leyti sem byggt er á efni þess nema dómari telji sér fært að þýða það. Þá gildir samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. sömu laga um meðferð sakamála að í ákæru skal greina svo glöggt sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta. Enn fremur gildir samkvæmt 1. mgr. 180. gr. sömu laga að hvorki má dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna.
91. Í ákæru er að finna erlend orð og læknisfræðileg hugtök í lýsingu á áverkum brotaþolans Y, í samræmi við lýsingar í læknisvottorðum á áverkum hennar. Þar er lýst þreifiefmslum „medialt“ á hendi, tognun á „thenar“ vöðvum handar og mari „medialt“ á hendi. Enn fremur er lýst skrámusárum yfir „PIP liðum fingra II og III“ Umrædd orð varða þannig ekki lýsingu á háttsemi ákærða sem slíkri heldur afleiðingum háttseminnar sem ákærða er gefin að sök. Þá er fyllilega ljóst af samhenginu að um sé að ræða þreifiefmsli og mar á hendi og tognun á vöðvum í hendi. Í ljósi þess verður ekki talið að vörnum ákærða hafi verið áfátt vegna þessa, þótt fallast megi á það með ákærða að í ljósi tilvitnaðra ákvæða 12. gr. laga nr. 88/2008 hefði verið rétt að nota að þessu leyti íslensk orð í ákærunni, eftir atvikum samhliða því að afla hefði verið gagna um íslenska þýðingu viðkomandi orða í læknisvottorðunum.
92. Það hvort barnið sem um ræðir hafi verið statt á vettvangi í umrætt sinn, á þann hátt að stofnast hafi til refsíabyrgðar ákærða fyrir brot á því ákvæði barnaverndarlaga sem vísað er til í ákæru, varðar að mati dómsins efnishlið málsins en ekki formhlið þess.
93. Í ljósi framangreinds verður hafnað kröfu ákærða um að vísa málinu frá dómi, að hluta eða í heild.

Úrlausn um efnishlið málsins

Almennt

94. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þá gildir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákærvaldinu. Samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti.

Brot í nánu sambandi

95. Ákærða er gefið að sök að hafa í umrætt sinn veist að brotaþolanum Y, tekið hana hálstaki ítrekað, þvingað hana til hliðar og einnig þrýst á hana með framhandleggnum á brjóstkassann og haldið með báðum höndum fast um háls hennar þannig að hún náði ekki andanum. Í ákæru er umrædd háttsemi heimfærð til 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

96. Í 218. gr. b almennra hegningarlaga segir að hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða annarra nánar greindra aðila, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skuli sæta fangelsi allt að sex árum. Í 2. mgr. lagagreinarinnar kemur fram að ef brot er stórfellt geti það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skuli sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

97. Til stuðnings því að ákærði hafi gerst sekur um umrædda háttsemi vísar ákærvaldið til framburða brotaþola og vitna hjá lögreglu, upplýsinga um samtöl við Neyðarlínu umrædda nótt og læknisvottorða um áverka brotaþola, auk skýrslna fyrir dómnum. Ákærði neitar að hafa gerst sekur um umrædda háttsemi. Í skýrslu sinni fyrir dómnum kvað hann skýringu áverka brotaþola líklega vera þá að hann hafi verið að verja sig þegar hún hefði ráðist á hann með hníf. Til líkamlegra átaka hefði komið milli þeirra eftir að þau rifust. Hún hafi þá sótt hnífinn en hann varist með því að ýta henni frá sér.

98. Frásögn ákærða af því að brotaþoli hafi notað hníf í átökum þeirra fær nokkra stoð bæði í samtímagögnum og skýrslum sem lögreglumenn gáfu fyrir dómnum, m.a. í framburði brotaþola sjálfra hjá lögreglu. Þannig er í frumskýrslu lögreglu greint frá samtali lög-

reglu við ákærða umrædda nótt, þar sem hann hafi sagt frá því að hann hafi brotið upp baðherbergishurðina og hún í kjölfarið tekið upp hníf og, eftir orðaskipti þeirra í millum, lamið hann með hnífnum og stungið hann í höndina. Í skýrslunni kemur fram að eldhúshnífur hafi legið á gólfinu fyrir framan dyrnar á baðherberginu og skaftið virst hafa dottið af honum en það hafi legið þar í tveimur pörtum. Þrátt fyrir þetta lagði lögregla ekki hald á hnífinn á vettvangi, eins og lögreglumenn staðfestu í skýrslum fyrir dómnum.

99. Ákærði greindi sömuleiðis frá því í skýrslu hjá lögreglu síðar sama morgun að eftir að hurðin brotnaði hafi brotaþoli hlaupið inn í eldhús og náð sér í hníf og síðan stungið ákærða, lamið hann ítrekað með hnífnum og skorið hann í litla fingur. Ákærði hafi tekið í hana í sjálfsvörn og annaðhvort tekið utan um bringu hennar eða háls. Enn fremur greindi ákærði frá því í skýrslu hjá lögreglu 4. júní 2024 að eftir að brotaþoli sótti hnífinn hafi hún slegið hann í andlitið. Hann hafi ýtt á brjóst hennar og ýtt henni frá sér. Hann hafi jafnframt tekið um háls hennar frammi í forstofu, þegar hún hafi verið búin að ráðast á hann. Hann væri ekki viss um hvort hann hefði sett framhandlegginn á hálsinn á henni en teldi að hann hefði sett framhandlegginn á brjóstakassa hennar en lófann um háls hennar. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa veist að brotaþola með ofbeldi en hann hafi ýtt henni frá sér í tvígang.
100. Í samantekt og uppskriftum af samtölum við Neyðarlínu umrædda nótt kemur fram að brotaþoli hafi ítrekað heyrst segja ákærða að hún vildi að hann færi út. Síðan hafi hann sagt henni að taka hníf og einhverjir skellir hafi heyrst. Í sömu gögnum kemur fram að B, móðir brotaþolans Y, hafi greint frá því í samtali við Neyðarlínuna að Y hafi tekið eldhúshníf til að verja sig og skaftið væri nú brotið af honum. Jafnframt kemur fram að ákærði hafi í samtali við Neyðarlínu um kl. 4:40 umrædda nótt greint frá því að kærasta hans hafi ráðist á hann með hníf og að hann væri með áverka á hendi eftir árásina.
101. Í skýrslu brotaþolans Y hjá lögreglu kom fram að hún hefði gripið hníf eftir að ákærði hefði króað hana af inni í eldhúsi. Líklega hafi það verið sjálfsvörn. Hún hafi slegið hann með hnífnum. Ákærði hafi tekið hana hálstaki inni í holinu við baðherbergið og síðan í forstofunni. Haft er eftir brotaþola að ákærði hafi tekið í hálsinn á henni og kastað henni að veggnum í forstofunni, þannig að spegill hafi dottið á gólfið og hún fengið högg á hnakkann. Hún hafi náð að kasta ákærða frá sér og hann þá dottið á lukt sem þar var. Nánar aðspurð um hálstakið kvað brotaþoli ákærða hafa tekið með höndunum um hálsinn á henni, þvingað hana til hliðar og einnig þrýst á hana með framhandleggnum á brjóstakassann. Í annað skiptið hafi hann haldið með báðum höndum fast um háls hennar

að framan, þannig að hún hafi ekki náð andanum. Önnur hönd ákærða hafi farið á háls hennar og hin undir hökuna.

102. Engin vitni urðu að átökum ákærða og brotþola. Undir þeim kringumstæðum ræðst niðurstaða um sekt eða sýknu ákærða að verulegu leyti af framburðum þeirra, þar á meðal mati á trúverðugleika þeirra. Eins og áður segir gáfu brotþolarnir Y og A ekki skýrslur fyrir dómnum en aftur á móti liggja fyrir dómnum því gögn um skýrslur þeirra hjá lögreglu. Að því leyti er ekki um að ræða milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir dómnum og þar með örðugra um vik fyrir dóminn að fá fram skýra heildarmynd af atburðarásinni umrædda nótt, m.a. út frá mati á framburði brotþola.
103. Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið verður að telja ljóst að í umrætt sinn hafi komið til átaka milli ákærða og brotþola og að við þau átök hafi brotþoli um tíma verið með hníf í hendi. Við mat á ætluðu refsinaemi þeirrar háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákæru, og snýr að meintu broti í nánú sambandi, skiptir óhjálvæmlega máli að meta atburðarásina heildstætt, m.a. út frá því hvort sjálfsvörn hafi átt þátt í háttsemi ákærða og hvort sú háttsemi var í öllum þeim atriðum sem máli skipta eins og lýst er í ákæru. Sem fyrr segir hvílir sönnun um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og sönnun um þau atriði þarf að vera svo ótvíræð að hún verði ekki vefngd með skynsamlegum rökum, sbr. 109. gr. sömu laga.
104. Þótt fram hafi komið í skýrslum lækna fyrir dómnum að áverkar Y fái samræmst fyrirliggjandi upplýsingum um frásagnir hennar af ætlaðri árás ákærða á hana umrædda nótt verður jafnframt ráðið af skýrslunum að áverkarnir geti mögulega einnig hafa komið til með öðrum hætti.
105. Þegar á allt framangreint er litið heildstætt hefur ákæruvaldinu að mati dómsins ekki tekist sönnun, sem hafin sé yfir skynsamlegan vafa, um að ákærði hafi gerst sekur um brot í nánú sambandi, sbr. 2. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum, á þann hátt sem lýst er í ákæru.

Brot gegn barnaverndarlögum

106. Með 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er gerð refsiverð sú háttsemi að sýna barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særa það eða móðga. Í ákæru er meintu broti ákærða gegn umræddu lagaákvæði lýst á þann veg að ákærði hafi aðhafst það sem greinir í ákærulið nr. I þrátt fyrir að dóttir brotþolans Y, A, væri stödd á heimilinu, en

hún var 14 ára þegar atvik málsins áttu sér stað. Þeirri háttsemi sem nefnd er í því sambandi er lýst á þann veg að ákærði hafi í heimildarleysi ruðst inn á heimið, neitað að yfirgefa það þrátt fyrir ítrekuð fyrirsmæli Y þess efnis, og fyrir að hafa í umrætt sinn veist að Y á þann hátt sem að framan greinir.

107. Sú háttsemi ákærða sem honum er gefin að sök sem meint brot gegn umræddu ákvæði barnaverndarlaga er því að verulegu leyti sama háttsemi og snýr að meintu broti hans í nánú sambandi, auk þeirrar háttsemi sem snýr að því að hafa í heimildarleysi ruðst inn á heimilið og neitað að fara þaðan, að teknu tilliti til þess að A hafi verið stödd á heimilinu. Sem fyrr segir féll ákærvaldið frá þeim hluta ákærunnar sem varðaði meint húsbrot, sbr. 231. gr. almennra hegningarlaga, eftir að fram kom að brotapolinn Y félli frá bótakröfu í málinu.
108. Að framan var komist að niðurstöðu um að ákærvaldið hefði ekki fært fullnægjandi sönnur á að ákærði hefði gerst sekur um brot í nánú sambandi, gagnvart brotapolanum Y, þannig að varðaði við 218. gr. b í almennum hegningarlögum. Sömu sjónarmið og rakin voru í forsendum dómsins fyrir þeirri niðurstöðu eiga einnig við hvað varðar mat á því hvort sú háttsemi teljist fela í sér brot gegn 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Að sama skapi skortir sönnun um að sú ætlaða háttsemi ákærða að hafa í heimildarleysi ruðst inn á heimilið og neitað að fara þaðan teljist fela í sér brot gegn umræddu lagaákvæði, en skýrslur af brotapolum fyrir dómnum hefðu eftir atvikum getað varpað frekara ljósi á atvik málsins að því leyti.
109. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst brotapolinn A hafa vaknað umrædda nótt við það að mamma hennar var að tala við einhvern inni á baði. Hún hafi sofnað inn á milli en næst þegar hún hafi vaknað hafi ákærði verið kominn inn og hún hafi heyrt móður sína segja honum endurtekið að fara út. Síðan hafi hún heyrt eins og járn dytti á gólfíð, dynki og að hurð væri skellt fast. Hún hafi verið vakandi þegar lögregla kom stuttu síðar og þá verið inni í stofu. Hún hafi ekki séð ákærða á þessum tíma. Framburður A bendir þannig ekki til þess að hún hafi með beinum hætti orðið vitni að átökum ákærða og brotapolans Y eða eftir atvikum árás ákærða á hana.
110. Vitnið B bar um það fyrir dómnum að þegar hún hafi verið á heimili brotapola umrædda nótt hafi A verið inni í svefnherbergi og dyrnar þangað lokaðar. Lögreglumaður nr. E bar einnig um að hún hafi verið inni í herbergi þegar lögregla var á staðnum. Ákærði bar um að A hafi verið sofandi inni í herbergi.

111. Þegar framangreint er virt í heild er að mati dómsins ekki komin fram næg sönnun, sem hafin sé yfir skynsamlegan vafa, um að ákærði hafi í umrætt sinn sýnt A yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, sært hana eða móðgað, í skilningi 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Ölvunarakstur

112. Í III. ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa, í aðdraganda að, og að afstöðnum atvikum sem lýst er í ákæruliðum I og II, ekið bifreið um [...], óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega vegna áhrifa áfengis, en í blóðsýni hafi vínandamagn mælst 2,2‰. Samkvæmt málalíbúnaði ákærvaldsins er þarna átt við akstur ákærða til og frá heimili brotþola í umrætt sinn. Ákærði gengst við því að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn en neitar að hafa þá verið undir áhrifum áfengis, heldur hafi hann fyrst drukkið áfengi eftir að hann kom aftur heim til sín og akstri lauk, um kl. 4:30.

113. Í frumskýrslu lögreglu er greint frá samtali við ákærða umrædda nótt, þar sem hann hafi greint frá því að hafa verið edrú þegar hann hafi mætt á ball en byrjað að drekka á ballinu. Þar hafi ákærði einnig viðurkennt að hafa síðar um nóttina ekið heim til brotþola á númerslausri bifreið. Þá greindi ákærði frá því í skýrslu hjá lögreglu að brotþolinn Y hefði orðið reið vegna þess að hann hafi komið á heimili hennar og einnig vegna þess að hann hafi verið ölvaður. Við sömu skýrslutöku kvaðst ákærði ekki hafa notað áfengi eftir að hann fór heim til sín.

114. Í annarri skýrslu hjá lögreglu umræddan morgun kvaðst ákærði fyrst hafa gengið heim til sín umrædda nótt en ekki ekið bifreið sinni þangað, heldur hefði einhver annar gert það. Aftur á móti sagði hann síðan að hann hefði sjálfur ekið bifreiðinni. Síðar við sömu skýrslutöku kvaðst ákærði hafa ekið burt frá heimili brotþola. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna hann hefði ekið í burtu, hann hefði ekkert hugsað út í það en hefði ekki átt að gera það.

115. Lögreglumaðurinn sem tók umrædda skýrslu af ákærða staðfesti í framburði sínum fyrir dómnum að ákærði hefði játað í skýrslutökunni að hafa ekið undir áhrifum áfengis og haft á orði að hann hefði ekki átt að gera það. Jafnframt staðfesti hann að ákærði hefði sagst ekki hafa neytt áfengis eftir að akstri lauk.

116. Í skýrslu hjá lögreglu 4. júní 2024 bar ákærði um að hafa ekið burt frá húsi brotþola í umrætt sinn en þá ekki verið í ástandi til að aka bifreið. Þá kvaðst hann aðspurður ekki hafa notað áfengi eftir að hann kom aftur heim til sín.

117. Í fyrrgreindum gögnum um samtali Y við Neyðarlínuna umrædda nótt kemur fram að meðan á símtalinu stóð hafi ákærði ítrekað heyrst segja að hann vildi fá bíllyklana en hún sagði við hann að hann væri blindfullur og ætti ekki að vera að keyra. Í sömu gögnum er greint frá samtali ákærða við Neyðarlínuna, þar sem hann hafi m.a. sagst vera undir áhrifum áfengis.
118. Í skýrslu B, móður brotapolans Y, fyrir dómnum kom fram að á umræddu balli hafi hún spurt ákærða í gríni hvort hann vildi skutla henni heim en hann sagst vilja bíða þar til lögreglan væri farin, sem hafi vakið athygli hennar því hún hafi talið að ákærði væri hættur að drekka.
119. Í matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, um blóðsýni úr ákærða, er dregin sú ályktun að styrkur vínanda í blóði ákærða hefði verið um 2,2% um kl. 4:30 umræddan morgun, eins og miðað er við í ákæru.
120. Þegar litið er til framangreindra framburða, m.a. framburða ákærða sjálfs hjá lögreglu, verður að mati dómsins að telja mjög ótrúverðugan framburð ákærða fyrir dómnum þess efnis að hann hafi ekki neytt áfengis fyrr en eftir að akstri lauk umrædda nótt. Nægilega er sannað, svo hafið er yfir skynsamlegan vafa, að hann hafi gerst sekur um ölvunar-akstur, eins og í ákæru greinir.

Samandregnar niðurstöður, sakarkostnaður o.fl.

121. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir ölvunarakstur, sbr. 1. mgr., sbr. 3. mgr., 49. gr., sbr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019, en ekki fyrir brot í nánu sambandi eða brot gegn barnaverndarlögum.
122. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 240.000 króna sekt til ríkissjóðs en 18 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja. Jafnframt verður ákærða gert að sæta sviptingu ökuréttinda í þrjú ár frá birtingu dómsins að telja.
123. Í ljósi niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærða gert að greiða hluta sakarkostnaðar til ríkissjóðs. Til sakarkostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, sem teljast að mati dómsins hæfilega ákveðin 2.200.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, aksturskostnaður sama lögmanns að fjárhæð 82.944 krónur og dvalarkostnaður lögmannsins að fjárhæð 30.500 krónur vegna aðalmeðferðar málsins, samanlagt 113.444 krónur. Jafnframt telst þóknun réttargæslumanns brotþola,

Páls Ágúst Ólafssonar lögmanns, 1.414.530 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, til sakarkostnaðar. Annar sakarkostnaður nemur samkvæmt framlögðu yfirliti ákærvaldsins 180.970 krónum. Í ljósi þess að ákærði er aðeins sakfelldur fyrir ölvunarakstur en ekki önnur brot sem honum eru gefin að sök í ákæru þykir rétt að ákærði greiði fjórðung málsvarnarlauna og annars kostnaðar vegna starfa verjanda hans en $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra falli á ríkissjóð. Störf réttargæslumanns varða meint brot ákærða sem hann er ekki sakfelldur fyrir. Því verður þóknun réttargæslumanns lögð að fullu á ríkissjóð. Þá verður ákærða einungis gert að greiða annan sakarkostnað að því leyti sem hann er til kominn vegna ölvunaraksturs hans, þ.e. kostnað vegna blóðsýnatöku að fjárhæð 56.000 krónur og matsgerðar að fjárhæð 53.546 krónur, þ.e. alls 109.546 krónur.

124. Sólveig Ingadóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið af hálfu ákærvaldsins, en hún tók við málinu undir rekstri þess. Af hálfu ákærða flutti málið Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður, skipaður verjandi hans. Páll Ágúst Ólafsson lögmaður var réttargæslumaður brotaþola en ekki kom til munnlegs málflutnings af hans hálfu.
125. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, X, greiði 240.000 krónur í sekt til ríkissjóðs en 18 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja. Ákærði sæti sviptingu ökuréttinda í þrjú ár, frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 687.907 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs. Þar er innifalinn fjórðungur málsvarnarlauna verjanda hans, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, sem í heild nema 2.200.000 krónum, fjórðungur aksturs- og dvalarkostnaðar sama lögmanns sem í heild nemur 113.444 krónum, og annar sakarkostnaður að fjárhæð 109.546 krónur.

Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun réttargæslumanns brotaþola, Páls Ágúst Ólafssonar lögmanns, að fjárhæð 1.414.530 krónur.

Þorsteinn Magnússon